



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

☐ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. september 2007

Tilvísun: UST20070900077/bs

Austurleið um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði. Umsögn um matsskyldu.

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar stendur eftirfarandi málsgrein: "*Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.*"

Umhverfisstofnun vekur athygli á að lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda gera ráð fyrir að metin séu umhverfisáhrif ákveðinna skilgreindra framkvæmda. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir verði að vera betur skilgreindar en gert er í þessu tilfelli til að unnt sé að gefa rökstutt álit um möguleg umhverfisáhrif. Stofnunin telur ekki unnt að gefa umsögn um óskilgreint rask á tilteknu svæði eins farið er fram á í því tilfelli sem hér um ræðir. Umhverfisstofnun telur að eftirfarandi upplýsingar þurfi að liggja fyrir um fyrirhugaða framkvæmd:

1. Stærð og gerð mannvirkis, þ.e. vegflokkur, vegbreidd osv.
2. Stærð fyllinga í árfarvegum.
3. Skeringar, staðsetning þeirra, umfang, frágangur.
4. Vegur í farvegi Hrafnkelu, þ.e. hæð, rofvörn, öryggissvæði.
5. Einnig ætti að gera ítarlegri grein fyrir gróðurfari á fyrirhuguðu vegsvæði. Í því skyni væri eflaust hægt að styðjast við ítarlegri rannsóknir sem gerðar voru vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun.

Umhverfisstofnun telur ekki unnt að gefa umsögn um möguleg umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson

Helgi Jónsson
Forstöðumaður